Umbótaáætlun Víðistaðaskóla skólaárið 2020-2021

Áætlunin tekur til skólaársins og verður aftur metin eftir nýjar niðurstöður skólapúlsins í nemenda- og starfsmannakönnun.

Virkni nemenda í skólanum – ánægja af lestri

Markmið: Að nemendur lesi bækur sér til ánægju

Staðan	Aðgerðir/viðbrögð	Hvenær unnið?	Framkvæmd/ábyrgð
Ánægja af lestri (Nemendakönnun) 4,6 (landið 4,7) Breyting milli ára (-0,2), þ.e. ánægja hefur minnkað milli ára. Fór úr 4,8 í 4,6. Lestraráhugi minnkaði á tímum Covid-19 eða fór úr 5,3 sem var fyrir ofan landsmeðaltal og lækkaði niður í 3,8 í apríl en jókst aftur í maí 4,6 en náði ekki landsmeðaltali Færri stúlkur í Víðistaðaskóla hafa ánægju af lestri miðað við aðra jafnaldra á landinu. 43,4% nemenda finnst ekki gaman að fara í bókabúð eða á bókasafn Fjórðungur nemenda telja lestur vera eitt af uppáhaldsáhugamálum sínum og 58% lesa bara þegar þeir verða að gera það.	Kennarar fylgi lestrarstefnu skólans og upplýsi forráðamenn um hana.	Jafnt og þétt yfir skólaárið	Kennarar / foreldrar/ skólastjórnendur
	Yndislestur. Byrja skóladaginn á yndislestri 1.-10. bekk eða finna þann tíma sem hentar. Kennari les líka.	Jafnt og þétt yfir skólaárið	Kennarar/ skólastjórnendur
	Kennararar lesi fyrir nemendur í nestistíma í 1.-7. bekk þar sem hægt er að koma því við, finna þá aðra lausn. Tengja myndefni við lesturinn þar sem það á við.	Jafnt og þétt yfir skólaárið	Kennarar/ skólastjórnendur
	Fjölbreytt lestrarverkefni.	Jafnt og þétt yfir skólaárið	Kennarar/ stjórnendur
	Kynna spjaldtölvur sem tæki til lestrar.	Jafnt og þétt yfir skólaárið	Kennarar/ skólastjórnendur
	Leitað nýrra leiða til að auka áhuga nemenda á lestri –námskeið fyrir kennara. Ýmis áhugaverð verkefni sem tengjast lestri.	Ágúst / Jafnt og þétt yfir skólaárið .	Kennarar/ skólastjórnendur
	Bækur mánaðarins kynntar í bekkjum	Jafn og þétt yfir skólaárið	Bókasafnsfr./ kennarar/ skólastjórnendur
	Bóka- og bíó vika. Bókakynning á bókasafni	Jafn og þétt yfir skólaárið Kynning á nýjum bókum frá okt - jan	Bókasafnsfr./umsjónark. faggreinak./stjórnendur

Virkni nemenda í skólanum – Þrautseigja í námi

Markmið: Að nemendur leggi sig fram í námi.

Staðan	Aðgerðir/viðbrögð	Hvenær unnið?	Framkvæmd/ábyrgð
Þrautsegja í námi (Nemendakönnun) 4,9 (landið 4,8) Breyting milli ára (-0,1), þ.e. þrautseigja hefur minnkað milli ára.	Kenna nemendum að setja sér markmið í náminu.	Ágúst- september 2020	Kennarar / deildarstjórar
	Nemendur setja sér markmið í náminu, ræða þau við foreldra/forráðamenn	September 2020	Kennarar / foreldrar/deildarstjórar
	Umsjónarkennari fer yfir markmiðin með nemanda og foreldrum á samráðsdegi.	Lok september og janúar 2020.	Umsjónarkennarar/ deildarstjórar
	Viðtal tekið við hvern nemanda og farið yfir hvort námsmarkmiðum hafi verið náð.	Maí 2021	Kennarar / deildarstjóri

Virkni nemenda í skólanum – Áhugi á stærðfræði

Markmið: Að auka áhuga nemenda á stærðfræði

Staðan	Aðgerðir/viðbrögð	Hvenær unnið?	Framkvæmd/ábyrgð
Áhugi á stærðfræði (Nemendakönnun) 5,0 (landið 5,1) Breyting milli ára (-0,2), þ.e. áhugi nemenda á stærðfræði hefur aðeins minnkað milli ára. Tæpur helmingur nemenda hlakkar til stærðfræðitíma sem við teljum of lítið, skoða hvernig hægt er að auka áhuga þeirra á námsgreininni. Nemendur á unglingastigi í Víðistaðaskóla mælast með minni áhuga á stærðfræði en jafnaldrar þeirra á landinu.	Endurskoða kennsluaðferðir í stærðfræði á unglingastigi.	Ágúst 2020	Kennarar / deildarstjórar
	Nýta fagfundi í umræðu um hvernig hægt er að auka áhuga nemenda á stærðfræði.	Jafn og þétt yfir allt skólaárið	Fagkennarar /deildarstjórar
	Stærðfræðikennarar ræða við nemendur um hugmyndir af fjölbreyttari kennsluaðferðum í stærðfræði.	Lok september og janúar 2020.	Umsjónarkennarar/ deildarstjórar
	Nemendur setja sér markmið í stærðfræði.	September 2020	Kennarar / deildarstjóri

Virkni nemenda í skólanum – Áhugi á náttúrufræði

Markmið: Að auka áhuga nemenda á náttúrufræði

Staðan	Aðgerðir/viðbrögð	Hvenær unnið?	Framkvæmd/ábyrgð
Áhugi á náttúrufræði (Nemendakönnun) 4,7 (landið 4,8) Breyting milli ára (-0,2), þ.e. áhugi nemenda á náttúrufræði hefur minnkað milli ára. Um 38% nemenda finnst minna gaman að læra um náttúrufræði. 6. og 7. bekkur hafa áberandi minni ánægju af náttúrufræði en aðrir árgangar. Helmingur nemenda finnst ekki gaman að lesa um náttúrufræði en 65% nemenda eru ánægðir með að leysa verkefni.	Endurskoða kennsluaðferðir í náttúrufræði á unglingastigi.	Ágúst 2020	Kennarar / deildarstjórar
	Nýta fagfundi í umræðu um hvernig hægt er að auka áhuga nemenda á náttúrufræði.	Jafn og þétt yfir allt skólaárið	Fagkennarar /deildarstjórar
	Faggreinakennarar ræði við nemendur um hugmyndir af fjölbreyttari kennsluaðferðum í náttúrurfræði.	Lok september og janúar 2020.	Umsjónarkennarar/ deildarstjórar
	Nemendur setja sér markmið í náttúrufræði.	September 2020	Kennarar / deildarstjóri
	Kennarar útskýri vel fyrir nemendum hugtök í náttúrufræði. Nota og kenna nemendum að gera hugtakakort, nota gagnvirkan lestur og spjöld.	Jafnt og þétt yfir allt árið	Kennarar/ deildarstjórar

Virkni nemenda í skólanum – Trú á eigin vinnubrögðum í námi

Markmið: Að efla náms – og starfsfræðslu nemenda

Staðan	Aðgerðir/viðbrögð	Hvenær unnið?	Framkvæmd/ábyrgð
Trú á eigin vinnubrögð í námi (Nemendakönnun) **4,8** (landið 4,8) Breyting milli ára (-0,3) þ.e. færri nemendur hafa trú á eigin vinnubrögðum. Hlutfallið hefur lækkað sl. ár. Um 22% nemenda telja sig ekki geta skrifað hjá sér góða minnispunkta í kennslustundum né geta skrifað hjá sér góða minnispunkta í kennslustundum. 15% nemenda telja sig ekki geta skipulagt námið almennt.	Bjóða upp á kennslu í námstækni í 5., 7. og 9. bekk	Mikið í upphafi skólaárs síðan jafnt og þétt yfir skólaárið	Námsráðgjafi /Skólastjórnendur
	Náms- og starfsfræðsla (NOS) smiðjur í 8. bekk	Haustið 2020 /Tekið í lotum í smiðjum	Skólastjórnendur/ Deildarstjóri UT
	Kennarar setji skýrt fram markmið með hverri kennslustund eða verkefnum og tengi þau viðmiðum um árangur sem sett hafa verið. Markmið eru sýnileg í kennsluáætlunum ásamt viðmiðum um árangur.	Haustið 2020 / allt skólaárið	Stjórnendur/umsjónark. /sérk./faggreinak.

Virkni nemenda í skólanum – Trú á eigin námsgetu

Markmið: Að elfa trú nemenda á eigin námsgetu

Staðan	Aðgerðir/viðbrögð	Hvenær unnið?	Framkvæmd/ábyrgð
Trú á eigin námsgetu (Nemendakönnun) **4,6** (landið 4,7) Breyting milli ára (-0,3). Skólinn hefur verið yfir landsmeðaltali frá skólaárinu 2015-16 en er nú kominn niður fyrir það. 28% nemenda telja sig ekki geta eða eiginlega ekki geta lært dönsku. Fjórðungur nemenda telja það sama um kristinfræði, siðfræði og trúarbragafræði.	Einstaklingsmiða nám í dönsku hjá þeim sem telja sig ekki geta lært tungumálið.	Í byrjun skólaárs og eftir þörfum	Stjórnendur/umsjónark./ sérk./faggreinak.
	Kennarar viðhafi fjölbreytilegri kennsluhætti.	Í byrjun skólaárs og eftir þörfum	Stjórnendur/umsjónark./ sérk./faggreinak.
	Kennarar rýni í kennslu og kennsluhætti í kristinfræði, siðfræði og trúarbragafræði.	Í byrjun skólaárs og eftir þörfum allt skólaárið	Stjórnendur/umsjónark./ sérk./faggreinak.
	Kenna nemendum að nýta sér gagnvirkan lestur, K V L : Kann, vil vita, hef lært (Know, want to know, have learned), hugtakakort o.fl.	Í byrjun skólaárs og eftir þörfum	Stjórnendur/umsjónark./ sérk./faggreinak.
	NHL námsver (Nám, hegðun og líðan) Fyrir nemendur sem þurfa meira næði og aðstoð	Í byrjun skólaárs og eftir þörfum	Deildarstjóri stoðþjónustu/Námsráðgjafi/kennari í NHL námsveri
	Veröld námsver fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku	Í byrjun skólaárs og eftir þörfum	Deildarstjóri stoðþjónustu /Sérkennarar/ kennarar

Skóla – og bekkjarandi – Samband nemenda við kennara

Markmið: Að efla góð samskipti milli nemenda og kennara.

Staðan	Aðgerðir/viðbrögð	Hvenær unnið?	Framkvæmd/ábyrgð
Samband nemenda við kennara (Nemendakönnun) **4,8** (landið 5,0) Samband nemenda við kennara hefur lækkað um 0,3 milli ára og er nú undir landsmeðaltali. Um 32% nemenda í Víðistaðaskóla segjast vera mjög ósammála eða ósammála að nemendum semji vel við flesta kennara á móti 28% jafnaldra þeirra í öðrum skólum á landinu. Rúmlega 23% nemenda telja flesta kennara ekki vera áhugasama um að nemendum líði vel.	Mismunur er milli árganga varðandi samband nemenda við kennara. Skoða þarf 7. og 9. bekk næsta skólaár með þennan þátt í huga.	Byrjar í ágúst og er jafnt og þétt yfir veturinn	Umsjónarkennarar/ faggreinakennarar/ stjórnendur
	Ræða á deildarfundum um viðhorf kennara til nemenda, leita lausna og úrræða til að bæta þennan þátt.	Byrjar í ágúst og er jafnt og þétt yfir veturinn	Deildarstjórar /Námsráðgjafi/umsjónar kennarar/fagkennarar
	Halda reglulega bekkjarfundi. Nota lífsleiknitíma til að ræða um samband nemenda og kennara	Allt skólaárið	Umsjónarkennarar/ faggreinakennarar/ stjórnendur
	Hópefling, álfaveislur o.fl.	Reglulega yfir allt skólaárið	Umsjónarkennarar/ faggreinakennarar/ stjórnendur

Skóla – og bekkjarandi – Agi í tímum

Markmið: Að efla bekkjarstjórnun

Staðan	Aðgerðir/viðbrögð	Hvenær unnið?	Framkvæmd/ábyrgð
Agi í tímum (Nemendakönnun) **4,9** (landið 4,9) Agi í tímum er í meðaltali miðað við landsmeðaltal en undir meðaltali miðað við aðra skóla í Hafnarfirði (5,0). Rúmlega fjórðungur nemenda segja að kennari þurfi að bíða lengi í flestum eða öllum tímum eftir því að nemendur róist. 66% nemenda segja að þeir geti ekki unnið vel í sumum tímum og 18% í flestum tímum. Um 58% segja að þeir geti ekki byrjað að vinna fyrr en langt er liðið á kennslustundina.	Fara yfir SMT og bekkjarstjórnun.	Í lok ágúst og janúar jafnframt reglulega yfir allt skólaárið	Kennarar/ námsráðgjafar/SMT teymi/stjórnendur
	Fara yfir þau verkfæri sem SMT býður upp á fyrir kennnara varðandi bekkjarstjórnun.	Í lok ágúst og byrjun janúar, reglulega yfir allt skólaárið	Kennarar/námsráðgjafar SMT teymi /stjórnendur
	Gera nemendur meðvitaða um að standa vörð um góðar kennslustundir, að þeir átti sig á að það sé þeirra réttur.	Reglulega yfir allt skólaárið	Kennarar/námsráðgjafar /stjórnendur
	Fara inn í kennslustundir eða bekki til að skoða hegðunarmunstur hóps eða einstaklinga. Tengja við lausnateymi SMT.	Eftir þörfum	Stjórnendur/ Námsráðgjafi/ SMT lausnateymi
	Vera í góðri samvinnu við foreldra og funda reglulega	Eftir þörfum eða reglulega yfir allt skólaárið	Kennarar/námsráðgjafar /stjórnendur
	Nota virknimat eða virkja lausna-teymið til að meta og gefa ráð.	Eftir þörfum	SMT lausnateymi/stjórnendur /kennarar
	Nýta NHL ver fyrir þá nemendur sem trufla kennslustundir	Eftir þörfum og endurskoðað reglulega	Deildarstjóri stoðþjónustu/Námsráð-gjafi/kennari í NHL

Skóla – og bekkjarandi – Virk þátttaka nemenda í tímum

Markmið: Að auka virkni nemenda í tímum

Staðan	Aðgerðir/viðbrögð	Hvenær unnið?	Framkvæmd/ábyrgð
Virk þátttaka nemenda í tímum (Nemendakönnun) **4,6** (landið 5,1) Virk þátttaka nemenda í tímum er 0,5 stigum undir landsmeðaltali sem er tölfræðilegur marktækur munur. Jafnframt hefur þátttaka nemenda í tímum lækkað úr 5,0 í 4,6 á milli ára. Um helmingur nemenda segjast fá tækifæri til að útskýra hugmyndir sýnar eða tækifæri til að koma skoðunum sínum um ákveðin viðfangsefni á framfæri. 39,7% nemenda segjast ræða saman um námsefnið í flestum eða öllum tímum á miðað við 48,5% annarra jafnaldra á landinu.	Fjölbreyttari kennsluaðferðir	Allt skólaárið	Kennararteymi/ stjórnendur
	Teymiskennsla, hringekjur, stöðvavinna, hópvinna	Allt skólaárið	Kennararteymi/ stjórnendur
	Gagnvirkan lestur, K V L : Kann, vil vita, hef lært (Know, want to know, have learned), hugtakakort o.fl.	Reglulega yfir allt skólaárið	Kennarateymi/ námsráðgjafar/ stjórnendur
	Spjaldtölvur	Reglulega yfir allt skólaárið	Kennarateymi/ Deildarstjóri UT/bókasafnsfræðingur stjórnendur

Skóla – og bekkjarandi – Tíðni leiðsagnarmats

Markmið: Að efla námsvitund nemenda

Staðan	Aðgerðir/viðbrögð	Hvenær unnið?	Framkvæmd/ábyrgð
Tíðni leiðsagnarmats (Nemendakönnun) **4,7** (landið 5,0) Tíðni leiðsagnarmats er 0,3 marktækt undir landsmeðaltali, engin breyting hefur átt sér stað milli ára. Tæp 30% nemenda segja að kennarar segi þeim aldrei eða næstum aldrei hvað þeir þurfa að gera til að ganga betur í náminu eða ræða um hvað þeim gengur illa með í náminu. Um 16% segja að kennarar láti sig aldrei eða næstum aldrei vita hve vel þeim gengur í náminu.	Auka leiðsagnarmat í öllum árgöngum.	Reglulega yfir allt skólaárið	Kennararteymi/ stjórnendur
	Nota deildafundi sem fagfundi og efla kennarar í að nota leiðsagnarmat.	Reglulega yfir allt skólaárið	Kennarateymi /stjórnendur
	Bjóða upp á fyrirlestur um námsmat	Að minnsta kosti einu sinni á skólaárinu.	Stjórnendur
	Kenna nemendum að setja sér markmið í náminu í samvinnu við kennarateymi og foreldra.	Fyrir foreldra- og nemendaviðtöl í október og janúar. Lokaviðtal í maí/júní.	Kennarateymi/ Námsráðgjafi/ Stjórnendur
	Upplýsa nemendur um stöðu þeirra í náminu.	Reglulega yfir allt skólaárið	Kennarateymi/ Námsráðgjafi/ Stjórnendur
	Ræða reglulega við nemendur um hvað gengur vel og hvað þeir þurfa að gera til að ganga betur.	Reglulega yfir allt skólaárið	Kennarateymi/ Námsráðgjafi/ Stjórnendur
	Jafningjafræðsla milli kennarateyma á öllum stigum	2-4 sinnum yfir skólaárið eða á starfsdögum	Kennarateymi/ stjórnendur

Starfið – Vinnuálag

Markmið: Að minnka vinnuálag starfsmanna

Staðan	Aðgerðir/viðbrögð	Hvenær unnið?	Framkvæmd/ábyrgð
Vinnuálag (Starfsmannakönnun) **5,2** (landið 4,8) Vinnuálag starfsmanna er marktækt 0,4 fyrir ofan landsmeðaltal og stendur í stað milli ára. Kennarar meta sig með mesta vinnuálag miðað við aðra starfsmenn skólans. Tæp 68% starfsmanna finnst þeir þurfa að vinna fremur oft eða mjög oft á miklum hraða. Um 44% starfsmanna finnst þeir hafa of mikið að gera.	Námskeið í tímastjórnun	Haustið 2021 á undirbúningsdögum fyrirlesari	Stjórnendur
	Kennarar/starfsmenn rýna í nýtingu eigin vinnutíma og skoða hvað má betur fara	Reglulega yfir skólaárið – rætt á deildafundum	Kennarateymi/starfsmenn /stjórnendur
	Kennarar/starfsmenn fá leiðsögn í að forgangsraða verkefnum og skipuleggja vinnutímann sinn	Haustið 2021 á undirbúningsdögum fyrirlesari	Stjórnendur

September 2020

Fyrir hönd umbótateymis Víðistaðaskóla

Hrönn Bergþórsdóttir og Valgerður Júlíusdóttir